



Runólfur Pálsson, Steinunn Rósa Einarsdóttir, Kristinn Sigvaldason, Jóhannes Kristjánsson og Alma Möller að loknu málþingi um líffæragjafir laugardaginn 26. janúar. Mynd/Védis.

Allir Íslendingar eru nú líffæragjafar

Embætti landlæknis, Maríanna Garðarsdóttir röntgenlæknir og Runólfur Pálsson nýrnalæknir voru í samstarfi við Siggu Heimis, Gagarín og fleiri um sýningu í Ásmundarsal sem er haldin í tilefni þeirra breytinga á lögum um líffæragjöf sem gengu í gildi um síðustu áramót. Nú má nema brott líffæri eða lífræn efni úr líkama látins manns til læknismeðferðar hafi sá hinn sami ekki lýst sig andvígán því og kallast með laganna bókstaf ætlað samþykki. Nánasti aðstandandi getur þó lagst gegn þessum gjörningi. Um 100 manns hafa gefið líffæri sín hérlendis síðan líffæragjafir hófust, árið 1992 og um 30 Íslendingar þurfa ný líffæri árlega.

Sýningin er óvenjuleg, mjög upplýsandi og listræn í senn. Með hnitmiðudum skýringatextum um hvert líffæri og röntgenmyndum og samspili þeirra við ægífögur glerlistaverk af nokkrum

líffærum mannsins sem þó eru ekki öll tæk til gjafa. Mannslík- aminn er náttúrlega sköpunarverk sem slær allt út. Þessa dagana er dáldið rætt um nekt og listaverk. Í því samhengi má segja að varla sé til nokkuð naktara eða betur hannað í þessum heimi en innnyfli.

Á nýafstöðnu málþingi landlæknis á Hótel Natura fóru Alma Möller, Kristinn Sigvaldason, Salvör Nordal og Runólfur Pálsson í saumana á nýju löggjöfinni, sögu líffæragjafa og röktu samstarf okkar við Scandiarttransplant. Steinunn Rósa Einarsdóttir móðir líffæragjafa sagði sögu sinnar fjölskyldu. Jóhannes Kristjánsson skemmtikraftur og hjartaþegi lýsti því þegar hann hélt hann væri kominn til himna með Ölmú Möller sem brosti við honum en svo gat það ekki verið því honum á aðra hönd var Felix Valsson svæfingalæknir.

VS



Auga, lungu, hjarta og heili, - glerlistaverk á sýningunni Líffærin. Þau voru munublaðin á Corning-glersafninu í New York-fylki að forsögn Siggu Heimis. Kristján Kristjánsson hannaði lýsinguna og er raunar einnig nýrnaþegi. Myndir/Védis.

